



SKÝRSLA STJÓRNAR HRFÍ

Starfsárið 2021-2022

Samantekt um starf félagsins lögð fram á aðalfundi félagsins 25.05. 2022

Inngangur	2
Félagið	2
Skrifstofa	2
Starfsmannamál	2
Húsnæðismál	3
Uptaka nýs tölvukerfis utan um gagnagrunn félagsins	3
Málaferli	
Reglubundið starf innan félagsins	5
Ættbókarskráningar og félagsmenn	5
Heilsufarspróf	6
Hundasýningar	6
Vinnupróf	7
Veiðipróf	7
Sólheimakot	7
Hundaskóli HRFÍ	8
Sýningadómarar	8
Veiðiprófadómarar	
Nefndir HRFÍ	8
Kynningar og fræðslustarf	8
Fræðslunefnd	8
Sámur	8
Starf ræktunardeilda	9
Hlutverk og verk svið ræktunardeilda	9
Á döfinni	9

Inngangur

Skýrslan er lögð fram á aðalfundi Hundarættarfélags Íslands þann 25. maí 2022 en í henni er gerð grein fyrir starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.

Aðalfundur félagsins 2021 var haldinn í hátíðarsal Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík, þann 31.maí. Á fundinum urðu formannsskipti en Herdís Hallmarsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa. Daníel Örn Hinriksson var kjörinn nýr formaður félagsins. Í stjórn voru kjörin Helga Kolbeinsdóttir og Maríanna Gunnarsdóttir í aðalstjórn og Anna María Ingvarsdóttir var kjörinn varamaður þeirra.

Stjórn var svo skipuð og skipti þannig með sér verkum á starfsárinu: Daníel Örn Hinriksson, kjörinn formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður, Helga Kolbeinsdóttir, ritari, Maríanna Gunnarsdóttir, gjaldkeri og Guðbjörg Guðmundsdóttir meðstjórnandi. Varamenn eru þær Anna María Ingvarsdóttir og Anna Guðjónsdóttir.

Stjórn fundaði 17 sinnum á starfsárinu. Þá nýtti stjórn sér fjarfundarbúnað Teams og afgreiddi erindi milli funda með tölvupóstum. Þá var stjórn með lokaðan hóp á samfélagsmiðlum sem nýttur var í umræður, hugmyndir og til upplýsinga um framgang og stöðu þeirra verkefna sem stjórn vann að á milli funda.

Í upphafi starfstímabilsins var starf félagsins ennþá litað af Covid 19 takmörkunum en rofa fór til í þeim efnunum í lok árs 2021. Félaginu tókst að halda stórar útisýningar í ágúst 2021 í miklum takmörkunum og það var afskaplega gleðilegt að snúa aftur til viðburðahalds. Þegar þetta er skrifað er starf félagsins komið á fullt og hefur orðið mikil aukning í öllu starfi, skráningum sem og öðru.

Gagnagrunnmál hafa verið í forgrunni á tímabilinu en henni Lukku okkar sem þjónað hefur vel var formlega lokað og hefur Hundavefur.is alfarið tekið við. Þá er Þorsteini Kristinssyni þakkað sitt framlag til gagnagrunnmála félagsins í gegnum tíðina.

HRFÍ tók einnig við formennsku í NKU (Nordisk Kennel Union) og mun sinna þeirri stöðu til næstu þriggja ára. Þetta er í fyrsta sinn sem félagið er í forsæti samtakanna. Þau tímamót urðu síðan í lok tímabils að Herdís Hallmarsdóttir var kjörin í stjórn Evrópuhluta FCI með glæsilegri kosningu og er það í fyrsta sinn sem Íslendingur situr í stjórn samtakanna. Á sýningu félagsins í febrúar 2022 var Herdís útnefnd heiðursfélagi HRFÍ fyrir framlag sitt til félagsins.

Félagið

Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er í Síðumúla 15, 108 Reykjavík, og er opin fyrir afgreiðslu þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga daga frá kl. 10 til 15. Breyttur opnunartími var til hagræðingar í starfsmannahaldi. Stór hluti þjónustu við félagsmenn fer orðið fram í tölvukerfi félagsins og í tölvupóstum og þótti það líka ástæða til að breyta opnunartíma.

Starfsmannamál

Á skrifstofunni starfa þær Guðný Rut Isaksen, framkvæmdastjóri, Silja Ösp Jóhannsdóttir og Anna Dís Arnarsdóttir. Erna Sigríður Ómarsdóttir sinnir í hlutastarfi mikilvægum sérverkefnum tengdum innleiðingum tölvukerfis og starfi ritara NKU meðan HRFÍ fer með formennsku þess.

Skrifstofa fór ekki varhluta af Covid-19 frekar en aðrir og gerði það að verkum að verulega reyndi á mikilvægi þeirra sem að ofan eru taldar. Það raungerðist svo í fjarveru starfsmanna í

veikindum sem olli töfum á allri afgreiðslu. Á lítilli skrifstofu þarf ekki mikið til. Starfsfólk skrifstofu á skildar miklar þakkir fyrir sitt framlag í undarlegu árferði.

Bókhald félagsins er fært hjá bókhaldsstofunni Verum og Advant ehf. sér um endurskoðun á reikningum félagsins.

Húsnæðismál

Á síðasta aðalfundi samþykktu félagsmenn að ganga að tilboði í fasteignina í Síðumúla 15 en félagið leigir eignina í dag af Eik fasteignafélagi eftir að kaupin gengu í gegn. Félagið á þó enn einkahlutafélagið RA ehf. en það þótti hagstæðara að selja eignina út úr félaginu en með áframhaldandi eignarhaldi á RA ehf. er möguleiki að fresta söluhagnaði. Félagið þarf að fjárfesta fyrir áramót 2023-2024, annars þarf að greiða 20% tekjuskatt.

Nú er leitað að ákjósanlegu húsnæði fyrir starfsemi félagsins en einnig gerði húsnæðisnefnd á vegum stjórnar greiningu á vilja og þörfum félagsmanna á tímabilinu. Þegar hentugt húsnæði finnst þarf að bera ákvörðun um kaup á nýju húsnæði undir félagsfund.

Það hefur ávallt verið félagsmönnum hjartansmál að eiga húsnæði sem rúmar starfsemi félagsins. Fulltrúaráðsfundur var haldinn þann 15.mars síðastliðinn og mættu fulltrúar 9 deilda, en ein deild sendi tölvupóst með sínum hugmyndum. Í samantekt húsnæðisnefndar segir að um nokkurs konar óskalista sé að ræða sem e.t.v. sé óraunhæft að uppfylla en allt sem þar kemur fram eru þó gagnlegir punktar. Í raun má segja að grunnþarfirnar séu tvær, að finna aðstöðu fyrir skrifstofu félagsins og fjárfesta fyrir söluhagnað sem varð til við söluna á Síðumúla 15. Þá kom fram að fara varlega í að skuldsetja félagið og sömuleiðis að gera ráð fyrir að félagið ætti handbært eigið fé til að mæta óvæntum áföllum, til að greiða laun og annan kostnað í að minnsta 3-4 mánuði. Óskastaðan er að HRFÍ eigi einhverskonar félagsheimili sem rúmað gæti starfsemi félagsins með svipuðum hætti og til að mynda hestamannafélögin. Þá var rætt um nauðsyn stuðnings frá opinberum aðilum eða sveitarfélögum til að uppfylla þennan óskalista félagsmanna því það fjármagn og skuldsetning félagsins sem þyrfti til myndi ekki duga.

Uptaka nýs tölvukerfis utan um gagnagrunn félagsins

Tölvukerfi félagsins sem heldur utan um gagnagrunn þess hefur verið í brennidepli í fjöldamörg ár enda áriðandi og óhætt að segja mikilvægasta verkefnið í starfsemi félagsins sé að standa vörð um gögn þess. Segja má að þörf fyrir nýtt kerfi hafi verið ljós fyrir amk. 10 árum síðan en á síðustu árum varð alltaf skýrara að félagið mátti engan tíma missa í innleiðingu nýs kerfis. Það kerfi sem verið hefur í notkun (að litlum hluta frá 2018 sem sýningarkerfið) frá Danska hundaræktarfélaginu var keypt í heild sinni og hófst vinna við innleiðingu á starfstímabili fyrri stjórnna. Á síðustu mánuðum hefur verkefnið haldið áfram og í desember 2021 tókst að taka upp hluta kerfisins og setja í loftið en félagsmenn þekkja kerfið sem Hundavefur, www.hundavefur.is. Nú í apríl var svo enn frekari virkni tekin upp og er Hundavefur nú lifandi síða og þar koma inn allar nýjustu upplýsingar. Í tengslum við nýtt kerfi munu ættbækur breytast í útliti og einnig munu félagsmenn verða varir við fleiri breytingar. Tekin var sú afstaða að aðlaga okkur að kerfinu þar sem hægt er í stað þess að fara í kostnaðarsama forritun og spara þannig fjármuni.

Á dögnum var nýtt skráningarkerfi tekið í gagnið og er þetta stórt skref fyrir félagið. Með þessu nýja kerfi verða allar upplýsingar færðar inn á Hundavef og ættu félagsmenn að finna fyrir auðveldara aðgengi að upplýsingum sem munu birtast í gagnagrunninum. Eigenda upplýsingar verða framvegis á sérstöku fylgiskjali sem einnig má nýta til afsalsgjafar. Ættbókarskírteinið fylgir því hundinum án eigendaupplýsinga. Með þessu móti þarf ekki að gefa út nýtt ættbókarskírteini verði breytingar á eignarhaldi hundsins. Kerfið mun svo bjóða upp á rafrænar aðgerðir, svo sem umsóknir um ættbókarskírteini, eigendaskipti og titla svo eitthvað sé nefnt.

Með þessari innleiðingu í nýja kerfinu okkar ættu félagsmenn að finna fyrir auðveldara aðgengi að upplýsingum og afgreiðsla ættbóka ætti að verða skjóttari. Hefur þar með gamla kerfið Lukka lokið störfum.

Enn er verið að vinna að ýmsum hlutum kerfisins og mun bætast við virkni þess sem eftir því sem fram líður. Þetta er afar stórt og flókið verkefni og kunnum við þeim félagsmönnum sem hafa lagt okkur lið við að prófa virkni kerfisins sem og að aðstoða við að þýða efnið kærar þakkir fyrir. Uppsetning kerfisins er í höndum norska fyrirtækisins Origin og vélbúnaður og vefþjónar hjá danska fyrirtækinu Tecsys, DKK sér svo um tæknilega aðstoð. Um er að ræða eitt umfangsmesta verkefni félagsins um þessar mundir enda gagnagrunnur verðmætasta eign þess.

Málaferli

Í lok ágúst 2021 höfðu tveir félagsmenn mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur stjórn félagsins og var kjörnum fulltrúum í siðanefnd félagsins einnig stefnt til réttargæslu í málinu. Í málinu var gerð krafa um að ógiltur yrði bráðabirgðaúrskurður siðanefndar þar sem umræddir félagsmenn voru útilokaðir frá allri þátttöku í störfum félagsins. Ennfrekar kröfðust þessir aðilar að kæra stjórnar til siðanefndar yrði vísað frá meðferð siðanefndar og ef það næði ekki fram að ganga að félagsmenn yrðu sýknaðir í siðanefndamálinu. Félagið tók til varna í málinu og gerði athugasemd við það að málinu væri beint að stjórn félagsins, enda hefði átt að beina málshöfðun að félaginu sjálfu þar sem stjórn félagsins er ekki persóna sem getur borið skyldur og átt réttindi að lögum. Í málsvörn félagsins var einnig gerð athugasemd við að málatilbúnaður félagsmannanna tveggja væri í heild sinni í andstöðu við meginreglur réttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað. Óljóst væri á hverju byggt væri á og hvaða atviki lægi til grundvallar kröfum þeirra. Lagatilvísanir væru óljósar og erfitt að átta sig á hvaða þýðingu þær hefðu fyrir úrlausn málsins, þannig væri vísað til laga um meðferð einkamála, sakamála og almennra hegningarlaga án þess að það hefði neina þýðingu. Eins væri vísað til stjórnsýsluréttar án þess að fram kæmu rök fyrir þýðingu þess. Félagið benti líka á þá mikilvægu reglu að innri málefni félagsins heyrðu ekki undir lögsögu dómstóla en slík afskipti dómstóla af máli sem væri ólokið í ósamræmi við félagarétti. Félögum sé að lögum tryggður réttur til sjálfsákvörðunar um starfsemi, skipulag, réttindi og skyldur félagsmanna og önnur atriði sem varða innra skipulag félags. Með aðild að Hundaræktarfélagi Íslands skuldbindi félagsmenn sig til að fylgja lögum félagsins og samþykki lögsögu siðanefndar og agareglur. Félagið hélt því fram að mál sem koma upp um möguleg brot á lögum félagsins beri að leysa á vettvangi þess í samræmi við lög félagsins, samanber meginreglur félagaréttar og stjórnarskrá okkar Íslendinga.

Héraðsdómur féllst á það með HRFÍ að stjórn félags gæti ekki átt aðild, enda ekki persóna að lögum sem gæti átt réttindi og borið skyldur. En enda þótt málatilbúnaður félagsmannanna tveggja væri óskýr um þetta vildi dómari miða við að í raun hefði HRFÍ verið stefnt. Þá þótti héraðsdómi málatilbúnaðurinn nokkuð óskýr í heild sinni, en fór í gegnum allar kröfur sem hafðar voru uppi og var þeim ýmist vísað frá þar sem félagsmennirnir þóttu ekki hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn dómstóla um einstaka kröfur, eða um væri að ræða innri málefni félagsins sem leysa yrði úr á vettvangi þess (fyrir siðanefnd) og að málatilbúnaður væri vanreifaður og óskýr. Vísaði héraðsdómari málinu frá og dæmdi félaginu 450 þúsund króna málskostnað úr hendi félagsmannanna tveggja. Þeir kusu að kæra úrskurð héraðsdóms til Landsréttar sem komst að því að stjórn félagsins ætti ekki aðild og málinu hefði verið ranglega að því beint. Þar sem stjórn gæti ekki átt réttindi þótti ekki skilyrði til að dæma málskostnað. Dóminn má finna á vef Landsréttar á hjálagðri slóð:

<https://landsrettur.is/domar-og-urskurdir/domur-urskurdur/?id=0b261f69-e7c1-4628-900c-176a92291bd8&verdictid=d9446ac4-b1e6-46f1-b719-c7ecc36b9eca>

Félagsmennirnir tveir hafa kosið að höfða mál að nýju á hendur félaginu. Félagið hefur tekið til varna en á eftir að leggja fram greinargerð í málinu. Þar sem félaginu er gert erfitt að taka til

varna í málinu sökum þess hvernig félagsmennirnir tveir haga kröfugerð og málatilbúnaði er víst að félagið þarf enn á ný að krefjast þess að dómstólar vísi máli þeirra frá.


Reglubundið starf innan félagsins

Lýsandi tölur úr starfi félagsins

2017-2021	2017	2018	2019	2020	2021
Hvolpar	1244	1307	1639	1820	2509
Got	274	305	370	403	538
Skráðir hundar frá upphafi ca.	23.698	25.097	26.850	28.812	31.443
HD/AD alls	201	227	215	275	260
Ræktunarnöfn	34	34	37	57	78
Augnskoðanir	643	699	694	203	1250

Ættbóarskráningar og félagsmenn

Eftirspurn eftir hundum hefur aukist verulega í heimsfaraldrinum og endurspeglar tölur um skráningar þá miklu fjölgun sem orðið hefur. Hvolpaskráningum fjölgaði um 27%, eða um 689 frá fyrra ári. Einnig fjölgaði skráðum gotum um 135 eða 33% frá árinu 2020.



Með tilkomu nýs kerfis sjáum við í fyrsta sinn í nokkuð langan tíma **nákvæma tölu** félagsmanna og miðast fjöldinn við þann 11. maí, 2022 í stað lok árs 2021. Tala félagsmanna inniheldur þá sem eru með greidd félagsgjöld, heiðursfélaga, hvolpakaupendur á frígjaldi og ellilífeyrisþega. Samanburður við fyrri ár er því ekki raunhæfur. Ljóst er að aukning varð á innheimtum félagsgjöldum á árinu 2021 eins og sést í ársreikning en einnig varð mikil fjölgun á skráðum gotum. Fjöldi félagsmanna þann 11. maí 2022 er 3.665 en sú tala mun taka breytingum eftir því sem líður á árið.

Heilsufarspróf

Covid 19 setti stórt strík í reikninginn í tengslum við heilsufarsskoðanir en ein augnskoðun var haldin byrjun árs 2020 en í lok árs 2021 var haldin risavaxin augnskoðun þar sem 3 dýralæknar skoðuðu í fimm daga bæði á Akureyri og í Reykjavík. Ljóst er að þá var hafði myndast uppsöfnuð þörf og einnig voru í ljósi undanþágu sem gefin var á síðasta starfsári var allt kapp lagt á það að eyða uppsöfnuðum listum hunda sem biðu augnskoðunar. Þá komu tveir læknar til viðbótar í desember 2021 og aðrir tveir í febrúar 2022. Alls voru 1550 hundar skoðaðir í þessum þremur skoðunum á tímabilinu. En í þeim tveimur sem haldnar voru 2021 voru þeir 1250. Innsendar mjaðmamyndir frá OFA eða SKK voru 260 en þær voru 275 árið 2020


Innflutningur hunda

Innflutningur hunda var svipaður milli ára en 122 innfluttir hundar voru skráðir hjá félaginu 2021 á móti 142 árinu áður. Þrjár nýjar tegundir bættust í flóru hunda á landinu og voru tveir hundar af tegundinni Polski Owczarek Podhalanski, einn Scottish Terrier og tveir German spitz hvítur.

Hundasýningar

Í ágúst tókst félaginu að halda tvöfalda sýningu en í ljósi þeirra takmarkanna sem þó ríktu vegna Covid 19 þurfti að skipta henni upp á tvö svæði og telja inn á svæðin. Í nóvember var svo haldin önnur sýning en það var sú stærsta sýning frá upphafi með 1200 hundum. Takmarkanir ríktu einnig á þeirri sýningu en telja þurfti inn á svæðið sem og sýna nýlegt hraðpróf. Á tímabilinu varð ljóst að ekki er hægt að manna tvöfaldar sýningar með þeim mannskap sem er í boði til starfa á sýningunum. Stjórn samþykkti því tillögur sýningarstjórnar um að sýningar ársins yrðu einfaldar en bæta við einni sýningu í október.

Stjórn vill koma á framfæri þakklæti til sýningarstjórnar og sýningarnefndar fyrir gott starf á starfsárinu, undir ströngum sóttvarnartakmörkunum sem voru í gildi. Sömuleiðis fær starfsfólk sýningar þakklæti fyrir sín störf.



Vinnupróf

Vinnuhundadeild hélt 9 hlýðniþróf á árinu og eitt sporapróf. Skráðir voru 113 þátttakendur sem er mikil aukning og ljóst að áhuginn og starf deildarinnar er í miklum blóma.

Veiðipróf

Undir merkjum tegundahóps 7 voru 292 skráningar í samtals 5 veiðipróf. 9 veiðipróf fyrir sækjandi hunda voru haldin hjá Retrieverdeild og voru 143 skráningar í þau próf.

Sólheimakot

Kotið er mikið notað af félagsmönnum fyrir opin hús hjá tegundahópum 7 og 8, hvolpasamkomur, námskeið, veiðipróf, fundi og fleira. Allar deildir geta nýtt sér Sólheimakot. Bóka þarf tíma á skrifstofu HRFÍ og nálgast lykla þar og skila eftir notkun. Vill Sólheimakotsnefnd minna notendur kotsins á að hver sá sem notar kotið þarf að skilja við það í því ástandi sem þeir vilja koma að því og ekki er sorphirða í kotinu, því þarf að hafa allt rusl með sér.

Sólheimakot er með síðu á Facebook.

Hundaskóli HRFÍ

Hundaskólinn var rekinn með óbreyttu sniði. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda. 195 hundar og eigendur þeirra sóttu námskeið hjá Hundaskólanum en kennari skólans í ár, sem áður, var Valgerður Júlíusdóttir.

Sýningadómarar

Sýningadómarar félagsins tóku sig til og dæmdu á hvolpasýningu félagsins sumarið 2021 og voru 284 hvolpar skráðir til leiks. Mikil gleði og ánægja ríkti á hvolpasýningunni enda margir orðnir sýningaþyrstir og farnir að sakna félagskapsins í kringum hundalífið.

Færum við dómurunum okkar miklar þakkir fyrir að gefa sér tíma og gera þetta kleift.

Veiðiprófadómarar

Samtals eru starfandi 14 veiðiprófadómarar hjá félaginu, þar af eru 8 fyrir sækjandi hunda og 7 fyrir fuglahunda. Nýr sækidómari í tegundahópi 7 bættist í hópinn en Einar Örn Rafnsson lauk prófi snemma árs 2022. Við óskum deildunum innilega til hamingju með nýjan dómara.

Nefndir HRFÍ

Stjórn félagsins skipar nefndir og starfshópa til að annast ákveðin mál. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar er skipað í fastanefndir félagsins, sýningarnefnd, ritnefnd, vísindanefnd, ræktunar- og staðlanefnd, laganefnd og skólanefnd. Aðrir nefndir eru fimm talsins en sérstaklega er kosið á aðalfundi félagsins í siðanefnd. Þá skipar stjórn fulltrúa HRFÍ í DÍF. Í dag eru nefndarmenn um 60 talsins.

Kynningar og fræðslustarf

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd stjórnar HRFÍ hefur skipulagt fyrirlestra í gegnum Zoom fjarfundakerfi á starfsárinu sem hafa verið afar vel sóttir af félagsmönnum. Fyrirlestrarnir, sem voru í upphafi hugsaðir til að mæta aukinni þörf hundafólks að hittast og sinna áhugamálinu, hafa vakið mikla lukku og er ljóst að félagsmenn eru þyrstir í fræðslu um allt sem viðkemur hundahaldi, ræktun og vinnu með hunda.

Hingað til hefur fræðslunefndin fengið til liðs við sig dýralækna, hundabjálfa, ræktendur og fleiri sem hafa haldið frábær og fjölbreytt erindi og hefur verið leitast eftir því að erindin höfði til sem flestra. Nefndin hyggst halda ótrauð áfram á nýju starfsári og hlakkar til að bjóða félagsmönnum og öðrum áhugasömum upp á ýmiss konar fræðslu í framtíðinni.

Sámur

Linda Björk Jónsdóttir tók við starfi ritstjóra Sáms í vor af Svövu Björk Ásgeirsdóttur. Linda Björk, sem nýr ritstjóri, ber ábyrgð á efni Sáms ásamt formanni og framkvæmdastjóra HRFÍ. Stjórn vill nota tækifærið og þakka Svövu Björk fyrir hennar störf og ritnefnd Sáms fær bestu þakkir fyrir sín störf.

Sámur er fastur liður í sögu félagsins. Sámur hefur haft það hlutverk að vera fræðandi og upplýsandi fyrir félagsmenn, fræða almennt um rétta meðferð, aðbúnað og uppeldi hunda, ræktun og heilbrigði, þjálfun og vinnu. Á síðustu árum hefur Sámur verið að færa sig smátt og smátt á rafrænt form, hann á sína eigin Facebook síðu og auk þess hafa dómaraviðtöl eftir sýningar félagsins verið birt á heimasíðu HRFÍ stuttu eftir hverja sýningu en ekki tekið pláss í prentútgáfu blaðsins. Þá eru hugmyndir um að Sámur verði með sitt eigið vefsvæði og verði í senn fréttaveita og fræðsluvefur félagsins. Þá myndu fræðslumál félagsins vera undir merkjum Sáms, og þá myndu starfa saman ritnefnd og fræðslunefnd sem færu með fræðslumál félagsins. Eins og Linda Björk komst að orði: “Núna er komið að tímamótum í lífi Sáms, því núna stígur Sámurinn skref inn í nútímann og fer á netið í vefsíðuformi. Stefnan er að halda úti lifandi vefsíðu allt árið. Það eru því spennandi tímar framundan.” Óskar stjórn HRFÍ Lindu Björk velfarnaðar í starfi sínu.

Starf ræktunardeilda

Hlutverk og verksvið ræktunardeilda

Ræktunardeildar innan HRFÍ eru 24 talsins og er hlutverk þeirra að standa vörð um viðkomandi hundakyn og að ræktun þeirra stefni að ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.

Stjórnnum ræktunardeilda er ætlað að þekkja lög og reglur HRFÍ og starfa samkvæmt þeim í sérhverju máli sem upp kann að koma. Stjórnnum ræktunardeilda er einnig ætlað að þekkja starfsreglur ræktunardeilda og reglur um skráningu í ættbók, vera ráðgefandi og miðla fræðslu. Þeir sem sitja í stjórnnum ræktunardeilda og nefndum ásamt tengiliðum eru fulltrúar HRFÍ. Þeir skulu gæta trúmennsku í störfum sínum og leggja sitt af mörkum til að efla félagið og standa vörð um hagsmuni þess.

Auk mikilvægs hlutverks deilda, er varðar ræktun og heilbrigði tegunda sem þeim tilheyra, hafa þær sinnt félagslegu hlutverki. Þær standa fyrir margvíslegu félagsstarfi, svo sem ýmsum viðburðum og samkomum félagsmanna sem deildunum tilheyra. Eftir heimsfaraldur og miklar sóttvarnartakmarkanir má segja að starfsemi deilda hafi tekið við sér af fullum krafti.

Á döfinni

Innleiðing á nýju tölvukerfi hefur verið fyrirferðarmikið í starfsemi félagsins undanfarið. Mikið starf verið unnið á skrifstofu og hjá samstarfsaðilum okkar við innleiðingu, þýðingar og aðlögun, enda að mörgu að huga. Kerfið er ekki komið í fulla virkni og mun innleiðing á því halda áfram í skrefum með aðstoð félagsmanna. Verkefni af þessu tagi er flókið en það ríkir jafnframt mikil eftirvænting við nútímavæðingu ættbókargrunns félagsins.

Fasteignamál félagsins hafa félagsmönnum alltaf verið hugleikin. Það hefur verið hjartansmál að félagið eignist húsnæði sem getur hýst starfsemi þess og verið félagsheimili félagsmanna. Það var hlutverk nýrrar stjórnar að ganga frá sölu á eign félagsins að Síðumúla 15 eftir að félagsmenn samþykktu kauptilboð á síðasta aðalfundi HRFÍ. Stjórn félagsins setti á laggirnar húsnæðisnefnd sem hefur annast þarfagreiningu með fulltrúum ræktunardeilda. Óskalistinn er ekki endilega raunhæfur eins og segir í samantekt nefndarinnar en allar hugmyndir eru vel þegnar. Þá er það samhljómur að húsnæðið geti hýst hvað mest af starfsemi félagsins en forðast skuli of mikla skuldsetningu. Með nýju húsnæði gefst vonandi tækifæri fyrir félagið til dafna enn frekar.

Síðustu starfsár einkenndust af heimsfaraldri og takmörkunum til fjöldasamkoma og hafði það mikil áhrif á starfsemi félagsins og deilda þess. Það sýndi okkur hversu mikill félagslegur missir það er þegar félagsstarfið liggur niðri og líka hversu vel félagsmenn standa saman og bregðast við áskorunum við samkomuhald. Blómlegt starf er nú í öllum virkum deildum innan félagsins og þátttaka hefur aldrei verið meiri. Starfsfólk viðburða félagsins fær bestu þakkir fyrir sem og allir þeir sem af einskærum áhuga sinna sjálfböðastörfum fyrir Hundaræktarfélag Íslands. Stjórn kann öllu þessu fólk sínar bestu þakkir. Fjárhagsstaða félagsins hefur aldrei verið betri og er staða þess til fasteignakaupa góð. Þá vekja málefni hunda og hundaeigenda sífellt meiri athygli og er ljóst að Hundaræktarfélag Íslands á orðið rödd í opinberri umræðu sem hlustað er á.

Reykjavík 25. 05. 2022

Daníel Örn Hinriksson, formaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður.

Marianna Gunnarsdóttir, gjaldkeri.

Helga Kolbeinsdóttir, ritari.

Guðbjörg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi.

Anna Guðjónsdóttir, varastjórn.

Anna María Ingvarsdóttir, varastjórn.